

Föstudaginn 3. janúar 1997.

Nr. 463/1996.

Protabú Ágústs Sverrissonar

(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

gegn

Huldu H. Waage og

Ágústi Sverrissyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Málshöfðunarfrestur. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. nóvember 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og nánar greinir í hinum kærða úrskurði, voru kröfur sóknaraðila fyrir héraðsdómi aðallega þær, að viðurkennt yrði með dómi, að gjöf varnaraðilans Ágústs Sverrissonar til varnaraðilans Huldu H. Waage „á fjármunum, er hann fékk sem greiðslu samkvæmt kaupsamningi um fasteign sína að Garðsenda 12, Reykjavík, sé ógild“, jafnframt, að rift yrði gjöf Ágústs til Huldu, sem fælist í kaupmála 15. mars 1993, þar sem fasteign að Melhaga 17 var gerð að séreign Huldu, enn fremur, að viðurkennt yrði, að sóknaraðili væri réttur eigandi allrar innstæðu á tilteknum reikningi við Búnaðarbanka Íslands, svo og, að Huldu yrði gert að greiða sóknaraðila 2.424.400 krónur með dráttarvöxtum frá 4. maí 1993.

Til vara krafðist sóknaraðili þess, að „rift verði með dómi“ gjöf varnaraðilans Ágústs til varnaraðilans Huldu á þeim fjármunum, sem sóknaraðili kveður Ágúst hafa fengið samkvæmt kaupsamningi um fasteignina að Garðsenda 12. Þá gerði sóknaraðili sömu kröfu og áður greinir um riftun á gjöf, sem fælist í kaupmála frá 15. mars 1993. Loks krafðist sóknaraðili greiðslu úr hendi varnaraðilans Huldu á 2.924.440 krónum með dráttarvöxtum af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 25. mars 1993.

Auk þess, sem að framan greinir, krafðist sóknaraðili málskostnaðar.

II.

Samkvæmt gögnum málsins var bú Ágústs Sverrissonar tekið til gjaldþrotaskipta 28. apríl 1995. Frestdagur við skiptin mun vera 23. febrúar 1995, en kröfulýsingarfresti í þrotabúið mun hafa lokið 31. júlí sama ár.

Skiptastjóri tók skýrslu af þrotamanninum 30. maí og 28. september 1995 svo og af eiginkonu hans, varnaraðilanum Huldu, síðarnefnda daginn. Af héraðsdómsstefnu verður ráðið, að skiptastjóri taldi þessar skýrslur ásamt öðrum athugunum sínum leiða í ljós, að þrotabúið ætti engar eignir nema að því leyti, sem þeirra yrði aflað annars vegar með þessari málsókn og hins vegar með því að leita opinberra skipta á dánarbúi móður þrotamannsins.

Í innköllun við gjaldþrotaskiptin boðaði skiptastjóri til skiptafundar 15. ágúst 1995. Samkvæmt yfirlýsingu skiptastjóra varð ekkert af þeim fundi, þar sem enginn sótti hann. Boðaði þá skiptastjóri kröfuhafa til nýs skiptafundar, sem var haldinn 18. október 1995. Var því lýst þar yfir af hálfu eins kröfuhafans, að hann ábyrgðist greiðslu kostnaðar af frekari aðgerðum við gjaldþrotaskiptin, þar á meðal af þessari málsókn.

Málið var höfðað með birtingu stefnu 6. mars 1996.

III.

Samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. verður að höfða mál til að koma fram riftun eftir ákvæðum XX. kafla laganna, áður en sex mánuðir eru liðnir, frá því að skiptastjóri átti kost á að gera riftunarkröfu, en frestur þessi byrjar þó

aldrei að líða fyrr en við lok kröfulýsingarfrests. Í fyrrgreindri skýrslu þrotamanns fyrir skiptastjóra 30. maí 1995 komu að nokkru fram upplýsingar um þær ráðstafanir, sem mál þetta er höfðað til að fá rift. Verður ekki annað séð en skiptastjóra hafi í kjölfarið verið unnt að afla nauðsynlegra gagna til að eiga kost á að taka ákvörðun um málsókn, þegar kröfulýsingarfrestur í þrotabúið rann út 31. júlí 1995. Eins og atvikum var háttað, var skiptastjóra jafnframt í lófa lagið að stuðla að því, að fram kæmi á skiptafundi 15. ágúst sama ár, hvort kröfuhafar væru reiðubúnir til að bera áhættuna af kostnaði vegna málshöfðunar. Verður því að telja fyrrnefndan frest til málshöfðunar hafa byrjað að líða þann dag.

Samkvæmt framangreindu var frestur skiptastjóra sóknaraðila samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga nr. 21/1991 til að höfða riftunarmál liðinn við birtingu stefnu 6. mars 1996. Eins og áður greinir, beinast kröfur sóknaraðila eftir orðanna hljóðan að hluta að riftun ráðstafana milli varnaraðilanna. Er ekki unnt að ráða annað af þeim málsástaðum, sem fram koma í héraðsdómsstefnu, en þær kröfur séu reistar á ákvæðum XX. kafla laga nr. 21/1991. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur, að því er varðar frávísun á öðrum hlutanum í aðalkröfum sóknaraðila svo og fyrsta og öðrum hlutanum í varakröfum hans. Hins vegar eru ekki efni til að fallast á það með héraðsdómara, að kröfur sóknaraðila séu að öðru leyti riftunarkröfur í skilningi XX. kafla laga nr. 21/1991 og eigi þannig að sæta frávísun vegna ákvæðis 1. mgr. 148. gr. laganna.

IV.

Með fyrsta hluta í aðalkröfum sóknaraðila fyrir héraðsdómi er leitað dóms um ógildingu gjafar milli varnaraðilanna á fjármunum, sem sóknaraðili kveður þrotamann hafa fengið sem greiðslu samkvæmt kaupsamningi um tiltekna fasteign sína. Í kröfunni er einskis getið um, hverjir þessir fjármunir séu, hvenær sóknaraðili telur þrotamann hafa látið þá af hendi og hvernig það hafi verið gert. Þegar af þessum ástaðum eru dómkröfur sóknaraðila að þessu leyti svo óákveðnar, að dómur verður ekki á þær felldur. Verður kröfum sóknaraðila því vísað frá héraðsdómi að þessu leyti.

Af héraðsdómsstefnu virðist mega ráða, að þriðji hlutinn í aðalkröfum og varakröfum sóknaraðila taki til fjár, sem hann telur

varnaraðilanum Ágústi hafa áskotnast við sölu fasteignarinnar að Garðsenda 12, en Ágúst hafa látið af hendi við varnaraðilann Huldu. Máltilbúnaður sóknaraðila um þessar kröfur er í ýmsum atriðum óljós, en að auki virðast þær standa í beinum tengslum við fyrsta hlutann í aðalkröfum hans, sem er vísað frá héraðsdómi samkvæmt áðursögðu. Þykir því einnig verða að vísa þriðja hlutanum í aðalkröfum og varakröfum sóknaraðila frá héraðsdómi af þessum sökum.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. nóvember 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 27. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í máli nr. E-1426/1996: Þrotabú Ágústs Sverrissonar gegn Huldu Hendrikku Waage og Ágústi Sverrissyni.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfu stefndu 31. október sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 4. mars sl. og birtri 6. mars sl.

Stefnandi er þrotabú Ágústs Sverrissonar, kt. 130831-2069, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík.

Stefndu eru Hulda Hendrikka Waage, kt. 100633-4349, Melhaga 17, Reykjavík, og Ágúst Sverrisson, kt. 130831-2069, til heimilis að sama stað.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að gjöf stefnda, Ágústs, til stefndu, Huldu, á fjármunum, er hann fékk sem greiðslu samkvæmt kaupsamningi um fasteign sína að Garðsenda 12, Reykjavík, sé ógild. Jafnframt er þess krafist, að rift verði með dómi gjöf stefnda, Ágústs, til stefndu, Huldu, er felst í kaupmála, dagsettum 15. mars 1993 og skráður var í kaupmálabækur sýslumannsins í Reykjavík 4. maí 1993, þar sem fasteignin að Melhaga 17 var gerð að séreign stefndu, Huldu. Enn fremur er þess krafist, að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi sé réttur eigandi allrar innstæðu stjórnubókar nr. 650349 í Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands og að stefndu, Huldu, verði gert að greiða stefnanda 2.424.400 krónur með dráttarvöxtum frá 4. maí 1993. Til vara gerir stefnandi þær kröfur, að rift verði með dómi gjöf stefnda, Ágústs, til stefndu,

Huldu, á fjármunum, er hann fékk sem greiðslu samkvæmt kaupsamningi um fasteign sína að Garðsenda 12, Reykjavík. Jafnframt er þess krafist, að rift verði með dómi gjöf stefnda, Ágúst, til stefndu, Huldu, er felst í áður-greindum kaupmála, eins og krafist er í aðalkröfu. Enn fremur er þess krafist, að stefndu, Huldu, verði gert að greiða stefnanda 2.000.000 króna með dráttarvöxtum frá 25. mars 1993, 424.440 krónur með dráttarvöxtum frá 10. maí 1993, 350.000 krónur með dráttarvöxtum frá 11. maí 1993 og 150.000 krónur með dráttarvöxtum frá 6. ágúst 1993. Þá er krafist málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Málavextir eru þeir, að bú stefnda, Ágúst, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 28. apríl 1995, og var Guðjón Ármann Jónsson hdl. skipaður skiptastjóri. Frestdagur við skiptin er 23. febrúar 1995, og upplýst er, að kröfulýsingarfrestur rann út 31. júlí 1995 og boðað til skiptafundar 15. ágúst 1995.

Samkvæmt skýrslu þrotamanns hjá skiptastjóra 30. maí 1995 var hann eignalaus, en kvaðst hafa átt íbúð að Garðsenda 12 hér í borg ásamt eigin konu sinni, stefndu, Huldu. Þessi íbúð var seld árið 1992, og sagði þrotamaður eignarhluta stefndu, Huldu, hafa gengið til kaupa á íbúð að Melhaga 17 árið 1993, en mismunurinn verði lagður inn á umrædda stjórnubók, sem hafi verið eign stefndu, en skráð á nafn beggja fyrir misskilning. Skiptastjóri kannaði innstæðu á reikningnum, og reyndist hún vera 9. maí 1995 1.120.389,29 krónur. Þrotamaður upplýsti skiptastjóra einnig um kaupmála milli hjónanna frá árinu 1993, en samkvæmt honum var fasteignin að Melhaga 17 gerð að séreign stefndu, Huldu. Við skýrslutöku fyrir skiptastjóra 28. september 1995 upplýsti þrotamaður, að líklega hefði stefnda, Hulda, fengið 3.400.000 krónur í sinn hlut af fjármunum þeim, er fengust vegna sölu íbúðarinnar að Garðsenda.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á því í fyrsta lagi, að gjöf stefnda, Ágúst, til stefndu, Huldu, sem fram fór með greiðslu á kaupsamningsgreiðslum hennar samkvæmt kaupsamningi um Melhaga 17, sé ekki gild, þar sem ekki var gerður kaupmáli um hana, og gegni hinu sama um innlögð fjármuna á umrædda stjórnubók. Í öðru lagi er aðalkrafa á því reist, að með gjöf, er fólst í kaupmála, hafi hjúskapareign stefnda, Ágúst, verið gerð að séreign konu hans, þegar stefndi var þegar orðinn ógjaldfær eða hafi orðið við það ógjaldfær, og var gjöfin afhent innan 24 mánaða fyrir frestdag, sbr. 131. gr. 1. nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Kröfu um greiðslu frá stefndu, Huldu, styður stefnandi við 142. gr. gþl. og 82. gr. hjúskaparlaga, einnig að öðru leyti við 144. gr. gþl. Stefnandi gerir kröfu um tjónsbætur í formi dráttarvaxta með vísan til 142. gr. gþl. og vaxtalaga. Þá er aðalkrafa studd 137. og

141. gr. gþl. til vara. Stefnandi byggir varakröfu sína á því, að umræddar gjafir séu riftanlegar, með vísan til 131. og til vara 137. og 141. gr. gþl. Þá er varakrafa stefnanda studd 142. gr. og 144. gr. gþl. Stefnandi reisir kröfur um málskostnað og virðisaukaskatt á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og l. nr. 50/1988.

Stefndu byggja aðalkröfu sína um frávísun málsins á því, að málshöfðunarfrestur sé liðinn. Samkvæmt 148. gr. laga nr. 21/1991 beri að höfða mál til riftunar innan sex mánaða, frá því að skiptastjóra var kunnugt um kröfu búins, en frestur þessi byrji þó aldrei að líða fyrir en við lok kröfulýsingarfrests. Hafi skiptastjóra þá verið kunnugt um kröfur þær, sem búið taldi sig eiga á hendur stefndu, og byrjaði málshöfðunarfrestur því að líða 31. júlí 1995 og hafi verið liðinn, er málið var höfðað með stefnubirtingu 6. mars sl. Kröfur stefnanda séu í eðli sínu riftunarkröfur, og eigi málshöfðunarfrestur 148. gr. við um þær. Stefnu halda því einnig fram, að vísa beri málinu frá á þeim forsendum að málatilbúnaður stefnanda fullnægi ekki kröfum 80. gr. laga nr. 91/1991, sérstaklega d-, e- og f-lið 1. mgr., og sé kröfugerð stefnanda óljós og þvælin. Þá krefjast stefndu ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi mótmælir því, að málshöfðunarfrestur sé liðinn, og við munnlega umfjöllun um frávísunarkröfuna kvað stefnandi skiptastjóra ekki hafa átt þess kost að höfða riftunarmál fyrir en eftir fund kröfuhafa 18. október 1995, enda þurfi samþykki kröfuhafa til að standa straum af kostnaði vegna riftunarmáls. Stefnandi hefur ekki lagt fram gögn um ofangreindan fund. Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefndu í þessum þætti málsins.

Niðurstaða.

Fallast ber á það með stefndu, að kröfur stefnanda í máli þessu séu riftunarkröfur í merkingu XX. kafla laga nr. 21/1991 og lúti málshöfðunarfresti 148. gr. sömu laga.

Samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga nr. 21/1991 skal höfða dómsmál til að koma fram riftun, áður en sex mánuðir eru liðnir, frá því að skiptastjóri átti þess kost að gera riftunarkröfuna. Frestur þessi byrjar þó aldrei að líða fyrir en við lok kröfulýsingarfrests. Í máli þessu er upplýst, að frestur til að lýsa kröfum fyrir skiptastjóra í búinu rann út 31. júlí 1995. Í innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna var boðað til skiptafundar 15. ágúst 1995 til að fjalla um lýstar kröfur og eftir atvikum ráðstöfun á eignum og réttindum búins. Stefnandi upplýsti við munnlegan máflutning um frávísunarkröfuna, að stefnandi hefði ekki átt þess kost að höfða riftunarmál fyrir en eftir fund kröfuhafa 18. október 1995. Engin gögn hafa verið lögð fram um ofan-

greinda skiptafundi, hvorki fundinn, sem halda átti samkvæmt fyrirmælum í innköllun 15. ágúst 1995, né fundinn, sem stefnandi segir hafa verið haldinn 18. október 1995.

Skiptastjóri tók skýrslu af þrotamanni 30. maí 1995 og fékk þá þegar upplýsingar um fjármálaráðstafanir hans, sem voru til þess fallnar að kanna, hvort ástæða væri til að höfða riftunarmál. Átti skiptastjóri þess því kost á fyrirhuguðum skiptafundi 15. ágúst 1995 að leita samþykkis til höfðunar riftunarmáls. Eins og mál þetta er vaxið, verður að telja, að málshöfðunarfrestur hafi þá tekið að líða. Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 6. mars sl. Samkvæmt framansögðu var málshöfðunarfrestur þá liðinn, og ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
